

Fundur 15.5.2023 Albert Einstein.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Veit ég ekki hvort mér tekst að koma þessu erindi til skila, en mun ég reyna á ný og eru hér margir vísindamenn sem vilja láta ljós sitt skína.

Og var nýlega reynt að fá okkur til að komast í betra samband við frumlífs hnettina og hef ég að vísu um langt skeið lifað sæll í faðmi fjölskyldunnar, konu og barna og ekki sinnt vísindastörfum nema sérstök verkefni krefjist þess, en var ég þó þátttakandi í því að endubæta kenningar mínar sem fram voru komnar á jörðinni.

Og nú er svo komið að ég er farinn að eldast á þessum hnetti og hef ég haft áhuga á því að taka þátt í öðrum störfum og hef skynjað það að margt af því sem þjóð mín er tengd við á jörðinni á hér enn við og hef ég reynt að gera þeim hópum það skiljanlegt sem eru andstæðastir okkur að fyrir mér vakir að sinna vísindastörfum mínum en ekki taka þátt í athöfnum trúarhópa og valdahópa minnar þjóðar.

En það var kannski ógæfa mín að hér í framlífi fór ég að taka þátt í fjárfestingum og mörgum félagsstörfum okkar Gyðinga sem ekki eru öllum að skapi, Albert Einstein.

*Já blessaður, bara kominn aftur?*

Já ætla ég nú að reyna að segja frá þeim kenningum sem ég byrjaði á hér síðast og var mér sagt að vísindamenn jarðarinnar væru komnir mjög langt í þessa átt og hefðu svipaðar eða samskonar rannsóknir með höndum og verð ég þó að segja að erfitt er að útskýra þetta í gegnum miðilssamband og nota orðaforða sem þið þekkið, en mun ég reyna.

Eins og ég sagði við ykkur síðast, var ég andsnúinn skammtafræði kenningunum lengi vel og kenningunum um svarthol, en hef nú litið öðruvísi á þau mál í framlífi og eru það vissulega háskalegar rannsóknir og geta breytt náttúruvísindunum talsvert, ef þær takast.

En tilraunir með ljóshraðann og orku og efni og tíma, útheimta mikla orku í tilraunastofum, sem ekki er auðvelt að fá.

Og það sem ég vildi segja hér í kvöld er að við teljum að ýmsar kenningar skammtafræðinnar samrýmast ljóshraðanum og því sem gerist þegar komið er fram yfir ljóshraðann og að honum og líkist það ástandi innan svarthola.

Og getum við ekki farið nákvæmlega út í það, en vil ég segja það að vísindamenn jarðarinnar eru sumir að komast á sporið í þessum efnum og getur það orðið hættulegt fyrir samfellu tíma og rúms.

Og sömu aðilar og reyna að hafa áhrif á mannfólkið, hafa verið að láta tækni nýjungar í té.

Veit ég ekki hvort ég geti verið lengur í sambandinu, en vil ég leyfa spurningar. Ef þær eru ekki margar.

*Má spurja svona, hvort að okkur stafi veruleg hættu af svartholinu stóra sem er í miðju á vetrarbrautinni?*

Nei teljum við það ekki vera, það er langt í burtu, en ég átti við, að það eru tækni nýjungar hjá ykkar á ykkar gömlu jörð sem eru að nálgast og þær snúa að, næ ekki alveg að útskýra, það eru örtölvu fræði og slíkt sem

*Gerfigreind?*

Já, það er að segja tækni nýjungar sem eiga eftir að koma fram sem beisla orku sem þarf að fara varlega með.

*Ert þú að tala um kjarnasamruna?*

Já, ekki kjarnorku heldur það á eftir að koma í ljós síðar, það er orka sem snýr við, já get ekki farið nánar út í það að sinni, en kjarnasamruni já það má víst taka undir það.

En ég

*Breytileg upplifun okkar á tíma?*

Hvað segir þú?

*Breytir það skynjun okkar á tíma?*

Já, það getur breytt ýmsu.

Já ég vil hér láta gott af mér leiða á þessum hnetti áður en ég fer á næsta hnött og vil ég friðmælast við ýmsa völduga hópa á þessari jörð sem vilja hjálpa ykkur.

Og erum við ekki einsleitur hópur Gyðingar heldur eru sumir okkar sem fóru í lið með fyrrverandi árásar mönnum í styrjöldinni miklu.

Og ég kem að því síðar ef ég get komið síðar, kannski ekki á næstunni, en við tækifæri vil ég reyna að útskýra ef þessi tækni kemur fram og hagnýta hana þeim í vil sem mennskir eru á jörðinni og ekki árásar hópum, það verður að koma í ljós.

Ég veit ekki hvort ég kemst aftur í bráð en, já ég þakka fyrir verið þið sælir.

*Vertu blessaður og gangi þér vel að flytja á nýjan hnött.*

Takk fyrir.